Reykjavík 21. Nóvember 2023

**Umsögn Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) um þingskjal 75. mál, þingsályktuntillaga um þyrlupall á Heimaey**

LSS styður þessa tillögu um bætta og öruggari aðstöðu fyrir sjúkra og björgunarþyrlu í Vestmannaeyjum.

Framtak þetta yrði liður í því að jafna bráðaþjónustu til landsmanna og bæta öryggi, ekki bara Vestmannaeyinga heldur einnig þeirra fag og viðbragðsaðila sem þjónustuna veita.

Það hefur verið tillaga fagráðs sjúkraflutninga sem LSS á sæti í, að þyrlur muni gagnast vel til bráðaþjónustu hér á landi og hefur stutt að þær verði staðsettar á landinu þar sem best á við. Þar er Suðurlandið engin undantekning og því er sú innviða uppbygging sem hér um ræðir er einnig gagnleg því verkefni þegar fram í sækir.

f.h. LSS
Arnar Páll Gíslason
Formaður fagdeildar sjúkraflutninga, LSS